

Umsjón - Stillingar


Stillingar fyrir Veru

Saga 2019.3

Fjöldi tímabókana


Nú er hægt að stilla fyrir staðsetningardeild hversu marga tíma einstaklingur getur bókað í gegnum Heilsuveru. Það er stillt í Kerfisumsjón. Hakað er í „Leyfa“ og svo skráður fjöldi tíma sem einstaklingur getur bókað í Heilsuveru.

Sem dæmi getur einstaklingur nú átt bókaðan tíma bæði í mæðravernd og hjá heilsugæslulækni. Áður var einungis hægt að vera með einn bókaðan tíma í einu og leyfði þá Heilsuvera ekki fleiri tímabókunir í gegnum vefinn.



Form tímabókunar – afbókun í Veru

Nú er hægt að stilla fyrir form tímabókunar hvort einstaklingur geti afbókað tíma í gegnum Heilsuveru. Í þessum glugga er einnig hægt að stilla hvað á að vera sjálfgefið í „Vefbókanlegt“ þegar áætlun er skráð í Afgreiðslu, Lýsingu í Veru (hámarksfjöldi stafa 120) og hvenær bókun á að vera leyfileg. Lýsing í Veru verður ekki tilbúin Veru megin fyrr en í janúar 2020.



Í stillingum á formi tímabókunar er einnig hægt að skrá í reitinn „Lýsing í Veru“ og er það lýsing á formi tímabókunar sem birtist Veru notanda. Sú virkni er ekki tilbúin Heilsuveru megin en verður það um mánaðamótin nóv/des. Hámarks lengd textans er 120 stafir.

Aðfang – Lýsing í Veru

Hægt að skrá lýsingu á aðfangi (hámarks fjöldi stafa 200) eins og það á að birtast í Heilsuveru og er þá aðfang valið og texti skráður í reitinn „Lýsing í Veru“. Þessi virkni er ekki tilbúin Heilsuveru megin en verður það í janúar 2020.

Nr.	Gerð	Heiti	Lýsing	Skammt.	Skilyrði	Læknir	Dagar fram í tímann
9613	E						
460	E	Óttir					
3812	E						
9815	E		Heimilslæknir, Lyflæk, SM			on	30
2263	L			hdj			
2151	E						

Stilligildi 1189

Nú er skráð í dögum í stað vikna hversu langt fram í tímann tímar sjást í Heilsuveru. Stilligildi 1189 er áfram notað fyrir þessa virkni og hefur verið uppfært til samræmis.

Með kveðju

Origo Heilbrigðislausnir